

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, 13. mars 2024:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að umhverfis- og skipulagssvið beini því til verktakar sem standa að framkvæmd 3ja áfanga Arnarnesvegar að þeir fylgi reglum í hvítetna um vinnutíma ekki síst um helgar.

Greinargerð

Það eru ákveðnar reglur um mörk þegar framkvæmdir standa yfir. Sem dæmi má ekki hefja vinnu fyrir kl. 10 um helgar. Séu þessar reglur brotnar geta íbúar fátt annað gert en að hringja á lögreglu. Framkvæmdirnar eru að valda nærstöddum íbúum miklu ónæði. Hávaðinn er ærandi og nær yfir stórt svæði Seljahverfis. Unnið er langan vinnudag og stundum um helgar. Dæmi eru um að skarkið hafi byrjað snemma á laugardagsmorgni. Um þetta eru reglur sem fylgja þarf í hvítetna um vinnutíma ekki síst um helgar. Það má nefna hér að umhverfismatið sem er notað til að réttlæta þessa framkvæmd er meira en 20 ára gamalt og því varla í nokkrum takti við núverandi áherslur á umhverfisvernd og lýðheilsu. Einnig hefur Vegagerðin ítrekað brotið upplýsingalög með því að hunsa fyrirspurnir og kvartanir íbúa vegna framkvæmdanna. Skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar geta ekki fríað sig ábyrgð hér enda hefði meirihlutinn vel geta óskað eftir nýju umhverfismati eins og fulltrúi Flokks fólksins lagði margsinnis til. Þessi framkvæmd er í raun skólabókardæmi um ofríki og kúgun stofnana, sveitarfélaga og ríkis gagnvart íbúum.